

---

**2000 nr. 160 20. desember**  
**Lög um jöfnunargjald vegna alþjónustu**  
**árið 2001**

Tóku gildi 29. desember 2000.

■ **1. gr.** Til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2001 skal innheimta jöfnunargjald skv. 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, af gjaldskyldri veltu ársins. Gjaldið skal nema 0,12% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.